


# 12 BREZKIR LISTMÁL- ARAR SÝNA AÐ KJARVALSSTÖÐUM



Dagana 14. maí-5. júní fer framsýning á verkum listamanna frá Bretlandi í vesturlist Kjarvalsstaða sem nefnist „12 Breskir Listmálarar“. Fyrir sýningunni standa Listráð að Kjarvalsstöðum og Arts Council í Bretlandi og er hún án efa stærsta sýning á breskri nútímalist sem haldin hefur verið hér á landi, — og fyrstu meiriháttar menningarsamskipti Íslands og Bretlands eftir þorskastríð. Listamennina tólf valdi framkvæmdastjóri Listráðs, Aðalsteinn Ingólfsson, í samráði við breskan sérfræðing, Sue Grayson frá Serpentine Gallery í London, en sú stofnun er rekin af breska listaráðuneytinu. Mun Sue Grayson abstoð við uppsetningu sýningarinnar. Verkin eru 100 talsins, allt frá frummyndum gerðum með blýanti, vatnslitum eða krit og upp í 3x4 metra málverk.

Listamennirnir eru allir ungrir að árum, frá 30-37 ára og tiltölulega nýlega farnir að láta bera á sér með sýningum og annarri starfsemi, en allir kenna þeir við listaskóla í Bretlandi. Þeir voru ekki valdir með það fyrir augum að gefa vitt yfirlit yfir breska

myndlist, heldur þann hluta hennar sem enn grundvallast á notkun málningar og byggir bæði á amerískri arfleifð og enskri náttúrutúlkun, með snert á geometríu. Listamennirnir eru: Colin Cina, Julian Cooper, Mike Crowther, Jennifer Durrant, Paul Hempton, Knigton/Hosking, Kerry Kenndy, Barry Martin, Alan Miller, Alex Thomson, David Whitaker og Tony Wilson, — en í hópnun eru englendingar, Skotar, Íri og einn Ástralíumaður.

Í sambandi við sýninguna mun Listaráð gefa út vandaða sýningarskrá, þar sem einn listmálaranna, Barry Martin, gerir grein fyrir viðhorfum sínum og félagasinna, en annar listamaður, Colin Cina, mun flytja fyrirlestur sunnudaginn 15. maí um breska malaralist. Síðar í mánuðinum mun Aðalsteinn Ingólfsson kynna breska málara og höggmyndalist eftirstríðsáranna og Hamrahliðarkórinn undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur mun m.a. flytja breska tónlist.

Sýningin verður opnuð laugardaginn 14. maí kl. 16, af Sendiherra Bretlands á Íslandi, hr. Kenneth East.

## Fimm nemendur ljúka burtfararprófi frá Tónlistarskólanum:



Dóra Björgvinsdóttir — Guðný Asgeirsdóttir — Svana Víkingsdóttir — Kolbrún Ósk Óskarsdóttir — Lovísa Fjeldsted.

# Halda einleikstónleika næstu tvær vikur

Næstu tvær vikur munu fimm nemendur Tónlistarskólans halda einleikstónleika, sem er liður í burtfararprófi þeirra. Þessir nemendur eru Dóra Björgvinsdóttir fiðluleikari, Guðný Asgeirsdóttir pianóleikari, Svana Víkingsdóttir pianóleikari, Kolbrún Óskarsdóttir pianóleikari og Lovísa Fjeldsted sellóleikari.

Allar stúlkurnar munu halda

sér tónleika, sem fara allir fram í Austurbæjarbíói. Þeir fyrstu í kvöld kl. 7,15 síðdegis.

Það er Kolbrún Ósk Óskarsdóttir sem halda mun pinótónleika. A efnisskrá tónleikanna eru verk eftir Mozart, Chopin, Debussy og Liszt.

Næstu tónleikar verða á fimmtudaginn á sama tíma í Austurbæjarbíói. Þar leikur Svana Víkingsdóttir pianóverk eftir Bartók, Beethoven, Schumann, Bach, Debussy og Liszt.

Lovísa Fjeldsted sellóleikari heldur tónleika næstkomandi laugardag kl. 2.30 síðdegis, við undirleik Halldórs Haraldssonar pianóleikara.

A efnisskránni eru verk eftir Beethoven, Bach, Jóranni Viðar, Gabriel Fauré og Schumann.

Næstkomandi mánudag heldur Dóra Björgvinsdóttir fiðluleikari sína burtfarartónleika. Undirleikari er Guðrður St. Sigurðardóttir.

Dóra mun leika verk eftir Mozart, Bach, Brahms og Béla Bartók.

Síðustu tónleikarnir verða svo þriðjudaginn 17. maí.

Þá leikur Guðný Asgeirsdóttir pianóverk eftir Stravinski, Beethoven, Webern, Brahms og Bach.

—AB

# Skák



Umsjón: Svavar Guðni Svavarsson

Taflfélag Reykjavíkur sigraði á þessu ári í sveitakeppni Skáksambands Íslands. Skáklfélagið Mjöllnir varð að láta sér nægja annað sætið að þessu sinni. Vissulega hefur sigur T.R. verið sætur eftir hið herfilega tap í fyrra fyrir Mjöllni. Ómurlagt var þó að sjá Guðmund Sigurjónsson tefla fyrir T.R. og fyrst hann hefur nægan tíma til slíks þá tel ég sjálfsgagt að athugað sé hvort hann hafi ekki tíma til að sinna þeirri skákkennslu, sem við skattborgararnir erum látnir greiða honum laun fyrir.

— 0 —

Önnur er sú keppni, sem sett hefur svip sinn á skáklíf Reykjavíkur öðrum fremur og er það keppni verkalyðsfélaganna. Aðeins einu sinni, mér vitanlega, hefur A-sveit Dagsbrúnar tapað leik fyrir öðru félagi og var það fyrir Múrarafélaginu. Árið 1971 tefldi á fyrsta borði fyrir Dagsbrún hin þekkt skákkempa Benóný Benediktsson (Bragi Sigurðsson hjá Dagblaðinu ritandi ávallt nafn hans rangt í „society“ spalta sínum og nefndi hann Benóný Benónýsson. Þessi spalti var þegar einvigi slavanna var á Loftleiðum og víðar. Bragi var einn hinna útvöldu skákkleðamanna, sem fékk ókeppis aðgang, enda kannski eðlilegt). Á fyrsta borði þetta sama ár 1971 tefldi Svavar Guðni Svavarsson fyrir Múrarfélagið í þessari keppni og sigraði hann Benóný eftirminnilega eins og nú verður sýnt, en

þetta dró nú dilk á eftir sér eins og framhaldið sýnir.

Hvitt: Svavar Guðni Svavarsson.  
Svart: Benóný Benediktsson.

1. Rf3, d5, 2. g3, c5, 3. Bg2, Rc6, 4. 0-0, e5, 5. d3, Rf6, 6. Rbd2, Be7, 7. c3, 0-0, 8. e4, Bg4, 9. h3, Bh5, 10. Db3, c4? 11. dxc4, dxe4, 12. Rg5, Ra5, 13. Dc2, Be2, 14. Hel, Dd3, 15. Bxe4, Rxe4, 16. DxD, BxD, 17. Rgxe4, f5, 18. b4, Rc6, 19. Rc5, BxRc5, 20. BxBc5, e4, 21. Rb3, Bxc4, 22. Bf4, Hfe8, 23. Rd4, Re5, 24. Hebl, Bd5, 25. Rxf5, Rf3+ 26. Kf1, g5, 27. Be3, Be6, 28. Rd6, Bxh3+ 29. Ke2, Hf8, 30. Hxb7, Bg4, 31. Rxe4,

Rh2+, 32. Kd2, Had8+ 33. Rd6, Rf3+ 34. Kc2, a5, 35. Hb1, Bh5, 36. Hlb5, a4, 37. Ha7, Bg6+ 38. Kb2, h5, 39. H5b7, Hb8, 40. Ka3, HxH, 41. HxH, Bc2, 42. c6, Re5, 43. c7, Re6, 44. c8D, Hxc8, 45. Rxc8, h4, 46. ppx, ppx, 47. Re7+, RxB, 48. HxR, h3, 49. Bf4, og hér gaf Benóný.

— 0 —

Ekki var nú sagan öll eins og ég sagði áðan. Í síðustu umferð varð Múrarafélagið að klipa hálfan vinning af Trésmíðafélagi Reykjavíkur, svo Dagsbrún ynni, annars vann Trésmíðafélagið. Eg fann til töluverðrar sektar vegna vinningsmins gegn Benóný og fann þung augu á mér hvíla. Kom þá Guðmundur J. Guðmundsson til mín og lofaði mér því að ég fengi þá stærstu vindla, sem fáanlegir væru í Reykjavík ef ég bara tapaði ekki á fyrsta borði fyrir hinum góðkunnna skák-

manni Ingimar Halldórssyni. Eg gerði jafntefli við Ingimar og vann þar með keppnina fyrir Dagsbrún þótt ég tefldi fyrir mitt gamla félag Múrarafélagið. Greiðslan hefur samt látið á sér standa. Minnugur þessa, í febrúar 1975, þegar fyrsta borðs maður Dagsbrúnar hvarf skyndilega á braut og Guðmundur J. Guðmundsson kom inn á sem varamaður þakkaði Svavar fyrir sig.

Hvitt: Svavar Guðni Svavarsson  
Svart: Guðmundur J. Guðmundsson

1. Rf3, Rc6, 2. g3, e5, 3. d3, Bc5, 4. Bg2, h6, 5. 0-0, d6, 6. a3, Rf6, 7. b4, Bb6, 8. Bb2, a6, 9. c4, De7, 10. d4, exd, 11. Rxd, RxB, 12. BxR, BxB, 13. DxB, Dxe2, 14. Rc3, Dc2, 15. Hael+, Be6, 16. Bxb7, Hb8, 17. Bc6+, Kd8, 18. He2, Df5, 19. Hfel, Bd7, 20. BxB, KxB.

21. He7+, Kd8, 22. De3, Kc8, 23. Rd5, RxB, 24. cxB, Hb5, 25. Da7, og hér gaf Guðmundur og baði í nefið, sem var afþakkað, ég reyki bara vindla og einstöku sinnum pipu. Það hefur ekki skeð áður að ég hafi gert eigin skákum skil hér í þessum þáttum, en þessar hafa sögulegt gildi. Sá, sem svikur einn veslan verkalyðsmann um vindil hvað getur hann ekki.....!

Með kærri kveðju Guðmundur minn.

Rauðhærði hrekkjalómurinn

Jóni L. Arnasyni vil ég óska sérstaklega til hamingju með Íslandsmeistaratilinum og jafnframt bróður hans fyrir hans frammistöðu og þá einlægu voni í brjósti að þeir séu ekki jafn taugaveiklaðir og aðrir ungrir skákmenn, sem hafa verið að skjótast upp á stjórnuhimininn öðru hvoru hin síðari ár.

Svavar

## Tækni/Visindi

Hinar heitu umræður sem urðu um þá áætlun — sem nú hefur verið fallið frá — að bólusetja 150 milljón manna í Bandaríkjunum gegn svinainflúensu hafa vakið upp almennar umræður meðal vísindamanna um bólusetningar



Þetta form heilsuverndar sem beinist að því að varna því að heilbriggt fólk fái einhvern tiltekinn sjúkdóm er gífurlega mikilvægur þáttur í heilsuvernd í heiminum í dag.

Og bólusetning hefur í fjölmörgum tilfellum sannað gildi sitt, því fjöldi sjúkdóma hefur verið útrýmt á þeim svæðum þar sem bólusetningu er beitt.



Bólusetning getur haft vissar hættur í för með sér.



Framhald baráttunnar við einn algengasta sjúkdóminn sem hrjáir mannkynd ræðst af niðurstöðum umræðanna um bólusetningar....